

LÍF OG LIST

LÍF OG LIST

LÍF OG LIST

LÍF OG LIST

LÍF OG LIST

# PÓKÓK

PÓKÓK  
Sýning Leikfélags Þorlákshafnar  
Leikstjóri: Kristbjörg Kjeld  
Leikmynd: Gylfi Gíslason

Það bar svo við um síðustu helgi, að hér á höfuðborgarsvæðinu voru sýnd samtímis tvö verk eftir Jökul Jakobsson. Pókók og Sonur skóarans og dóttir

## Leiklist



Bryndís Schram skrifar

bakarans, fyrst og síðasta verk höfundar. Þegar maður ber saman þessi tvö leikrit, kemur á daginn, að þau fjalla bæði um það sama: ofurvald peninganna, um það, hvernig ágrindin drepur niður allt síðferðisþrek mannanna og hver og einn hugsar um það fyrst og fremst að bjarga sínu eigin skinni.

Munurinn er þó sá, að í hinu fyrri, eins og reyndar í flestum leikritum Jökuls fram á seinustu ár, tekur höfundur enga skýra afstöðu. Hann greiðir fagmannlega úr hinum ýmsu leikfléttum og hnútum, en bendir ekki á neina allsherjar lausn eða leið. Það er ekki fyrr en nú í Syni skóarans, að hann talar af sannfæringu. Hann gengur svo langt að sprengja víðurstyggðina í loft upp og fyrirfara sjálfum sér um leið.

Í Pókók er afstaða hans kæruleysisleg, jafnvel hötfyndin. Eini heiðarlegi maðurinn í leikritinu gerist glæpon til þess að ná ástum forstjóradótturinnar, vondi maðurinn er tekinn fastur, en sá góði, sá sem svindlar á lögmætann hátt, sleppur,

eins og reyndar alltaf í lífinu sjálfu.

Leikritið allt er skrifað af miklum gáska og unglíngaleði, og það er uppfyllt af þessum dásamlegu fimm-aurabröndurum, sem Jökli einum var svo lagið að fara með. Það minnir um margt á Tuskildingsóperuna eftir Bertold Brecht, fjallar um tvenns konar glæpamenn, þá víðurkenndu, sem enda alltaf á Litla Hrauni, og svo hina, sem smeygja sér fram hjá lögunum og ráða öllu í þjóðfélaginu. Fordekrúð dóttir forstjórans fellur fyrir vonda manninum og lendir í úfi-stöðum við dræsuna, barnsmóður hans. Skúrkarinn eru góðlátlegir, þannig að maður hefur samúð með þeim og finnst þeir eigi allt það besta skilið.

Það var vel til fundið að sýna Pókók einmitt núna, þó að það hefði óneitanlega verið meira gaman að sjá atvinnuleikara í hlutverkum. Ahugamannaleikhús getur eðli sínu samkvæmt aldrei orðið annað og meira en yfirborðsleg uppákoma, þar sem leikarinn er fyrst og fremst að leita sér afþreyingar og skemmta sjálfum sér. Það þarf margra ára skólun til þess að skilja, að það að leika er annað og meira en að standa uppi á sviði og þylja utanbókar rulluna sína. Til þess að gæða persónu lífi er nauðsynlegt að finna hana fram í fingurgóma og vera en ekki leika. Góður leikstjóri getur gert mikið gagn, en hann gerir ekki kraftaverk. Kristbjörg hefur lagt sig alla fram, en tíminn er of naumur til þess að ná fram hinu fagmannlega.

Nú, en fólk, sem leikur sér til afþreyingar og í ihlaupum fer varla fram á alvörugagnrýni. Þó má geta þess, að ýmsir sýndu töluverð tilþrif. Ingi Ingason átti góða spretti í forstjórahlutverkinu, og það



Kristbjörg Kjeld leikstjóri og Gylfi Gíslason leiktjaldasmiður á æfingu

sama má segja um Kjartan Guðmundsson, sem er þó kannski einum of glæsilegur til þess að vera sannfærandi utanveltubésefi. Bergþóra Arnadóttir hefur sjarmerandi rödd og henni tókst að gæða Gauju gæs mjög gæsarlegu lífi. Jökull hefur mikið dálæti á sveitastúlkum að vestan og kemur þeim alltaf að. Og hver ætti að halda betur á því hlutverki en einmitt sveitastúlka að vestan með

ósvikinn vestfirskan framburð og hvabeina, Halldóra Gunnlaugsdóttir. Fram að hléi tókst að halda uppi fjörinu, og bæði leikendur og áhorfendur skemmtu sér prýðilega. Eftir hlé datt stemningin og menn fóru að hiksta á tekstanum og verða víðutan. En allt er gott þá endirinn er góður, og voru viðtökur hinar ágætustu, þótt ekki væri margt í salnum.

Bryndís Schram



Steingrímur með mynd sína sem hann málaði þegar hann var í Vigur við Ísafjarðardjúp nokkra daga í sumar. M.a. sér til fjallsins Kofra. Ljós. GVA.

## „Ég er slæmur félagsmaður

— læt mér nægja FÍB!“ Steingrímur Sigurðsson opnar sýningu á Kjarvalsstöðum

„Ég ætla að opna um. Ég er ekki í félaginu. sýningu á Kjarvalsstöð-um. Ég er slæmur félags-

# Skáldskapur mannlífsins

Asi í Bæ: Skáldað í skörðin. Myndskreyting bókar og kápu: Arni Elfar. Útgef. Ibunn, 1978.

## Bókmenntir



Heimir Pálsson skrifar

Sumar bækur eru gæddar svo manneskjulegri kímni og hlýju, að lesanda finnst hann jafnvel ekki eins afleit manneskja að lestri loknum og áður var. Ein slíkra bóka er endurminninga Asa í Bæ, Skáldað í skörðin.

Það er jafnan einkenni slíkra bóka að láta ekki mikið yfir sér, fá ekki auglýsingar af því tæi að um heimsviðburði sé að ræða, hrópa ekki hátt, heldur koma til manns með notalegu viðmóti í skammdeginu. Þetta gerir bók Asa. Hún þykist ekki vera stórbrotinn skáldskapur — jafnvel alls ekki skáldskapur, því titillinn skil ég

svo, að þar sé aðeins verið að leggja áherslu á að sannleikurinn sé afstaður, það sem manni finnst sjálfum vera sannleikurinn og ekkert nema sannleikurinn, jafnvel allur sannleikurinn, það getur verið hlálegur skáldskapur og uppþakning í augum annarra þátttakenda sömu viðburða. Samt er þessi bók skáldskapur á sama hátt og

maður. Læt mér nægja að vera í Félagi Íslenskra Bifreiðaeigenda“, sagði Steingrímur Sigurðsson. Hann opnar sína fertugustu sýningu á föstudagskvöld klukkun 20:30, og stendur sýningin til 22. desember.

„Ég hef haldið sýningar heima og erlendis fjórutíu sinnum á tólf árum. Annars má kannski segja að þetta sé 41. sýningin, því ég opnaði einu sinni tvisvar sinnum sýningu á sama degi. Það var á Ísafirði. Tveimur tímum eftir að ég opnaði sýninguna, birtust einhverjir tveir menn og sögðu mér að fara út með myndirnar. Af hverju veit ég ekki. Það voru svo vinsamlegir aðilar sem bentu mér á bókasafnið á staðnum, og

þar opnaði ég aftur um kvöldið“.

Steingrímur sýnir yfir 50 myndir að þessu sinni, allar nýjar og flestar til sölu. Margar myndirnar eru úr Reykjavík, meðal annars frá Gólanhæðum, eins og Steingrímur kallar Breiðholtið.

— Afkastamikill sýningamaður?

„Nú, ég lærði að vinna á Vísi og á sjónum fyrir vestan. Svo lærði ég töluvert af Vestmannaeyingum, þar sem ég sýndi einu sinni. Mig langaði einu sinni til að búa þar, ég kann einkar vel við þá þjóð. En þess í stað fór ég til Stokkseyrar. Nú er ég kominn til Reykjavíkur, og mér finnst ég kominn heim eftir sex ár. Mér þykir vænt um borgina“.

EA

# Fjölbreyttur Skírnir

Arsritin um Íslensk fræði, Saga og Skírnir, koma nú, eins og vanalega í miðju jólabókafloði. En þótt útkomutími þeirra sé ef til vill ekki hinn hentugasti eru þau alltaf fagnafengur.

Skírnir er heil bók að stærð og fjölbreyttur að efni svo að hér verður aðeins sagt frá lengstu ritgerðunum.

Verður þá fyrst fyrir grein Helga Þorlákssonar um 7 örnefni tengd landnámsmönnum. Þau eru Loðmundur, Þrándur, Bjólfur, Geirólfr (fjöll) Önuundur (tindur) Þurður (drangur) og Náttfari (höll). Helgi dregur fram mikinn fjölda hliðstæðra örnefna íslenskra og norræna. eru mörg þeirra a.m.k. hinna yngri vísléga dregin af nöfnum sannsögulegra persóna, og hallast Helgi að því að svo muni einnig vera um þessi „landnámsmannanöfn“. Er hann þar með kominn í andstöðu við náttúrufnafnakenningu Þórhalls Vilmondarsonar. Virðast mér rök hans sannfærandi að því marki að þessi 7 örnefni þarfnastrast ekki öðrum fremur

## Tímarit



Helgi Skúli Kjartansson skrifar


náttúrufnafnakýringar, þrátt fyrir sérkennilega myndun sína en það er raunar ekki mikil röskun á grundvallinn náttúrufnafnakennningarinnar. Auk þess rifjar Helgi upp tormeiki á því að landnámsmenn hafa gleymst á 200 árum.

Þá ritar Vésteinn Ólason eins konar bókadóm í greinarformi um nýleg rit eftir Lars Lönnroth (um Njálu) og Preben Meulengracht Sørensen (um Íslenskar fornþekkingar). Grein Vésteins er læsileg og einkar fróðleg, ekki síst fyrir það að hann lýsir nýstárlegum rannsóknum og kenningum um munnlega sagnaskemmtun og tengsl hennar við bókmenntir sem þeir Lönnroth og Meulengracht Sørensen byggja að nokkru leyti á.

Þetta form bókadóma hefur verið sjaldséð hér á landi, en ég tel það mjög hentugt, þegar jafnvel er á haldið og hér hjá Vésteini.

Hrafnhildur Hreinsdóttir birtir hér niðurstöður um könnun á bóklestri og bókakaupum, sem gerð var með því að leggja spurningalista með upplagi þriggja bóka og bárust yfir 2000 svör. Ritgerðin er full af tölum og töflum, og eru fróðleikskornin býsna mörg, þótt fá komi stórkostlega á óvart. Greinilega háir það rannsókninni að ekki voru tók á að prófa spurningalistann í forkönnun.

Þá ritar Dagný Kristjánsdóttir túlkunargrein um Svartfugl Gunnars Gunnarssonar. Hún vikur frá fyrri skýrendum sögunnar í því aðallega að hún telur lesandann ekki eiga að taka fyrirvaralaust gildar skýringar sögumanns, séra Eyjólf, heldur felist einmitt í sögunni ádeila á margt í fari hans. Dagný rekur af mikilli leikni, hvernig sagan liti út í þessu ljósi og verður að



SKÍRNIR, tímarit Hins íslenska bókmenntafélags. 152. ár. Ritstjóri Ólafur Jónsson.

lestrarlokum að telja skýringu hennar snjalla og sannfærandi. Í útlitun sinni gerir hún persónur sögunnar ídulega að fulltrúum stétta en líklega fengi skilningur hennar á hlutverki sögumannsins staðist jafnt fyrir því þótt fremur væri lítið á persónurnar sem fulltrúa ólíkra einstaklingsörloga en ekki vil ég fulltrúa að það sé réttara.

Þá er ótalið efni eftir ritstjóranum svo og W.M. Sennar, Lýð Björnsson og Magnús Pétursson, auk nokkurra ritdóma sem allir fjalla um fræðibækur. Væri að vísu gagnlegt ef Skírnir sæi sér fært að dæma einnig skáldrit.

—HSK

Kvikmyndahúsin í Noregi:

# Kröftug gagnrýni á myndaval þeirra

Hér á landi er mikið kvartað yfir því að kvikmyndahúsin bjóði upp á lítið úrval mynda. Þessi gagnrýni er jafnvel enn háværrari hvað viðvíkur kvikmyndasýningum á landsbyggðinni. Viku eftir viku er ekki boðið upp á annað en þriðja flokks kvikmyndir. Væntanlega álíta ýmsir að við séum hér með rétt eitt séríslenskt fyrirbrigði. En svo er ekki. Frændur vorir Norðmenn kvarta hástöfum yfir fátlekku myndavali norskra kvikmyndahúsa. Nýlega var kynnt í Noregi niðurstæða af 4ra ára könnun sem var gerð á þeim kvikmyndum sem norsk kvikmyndahús bjóða áhorfendum.

„Norskur kvikmynda-markaður er ofurseldur hagsmunum erlendra

dreifingaraðila. Framboð til minni kvikmyndahúsa er ömurlegt“, segir meðal annars í niðurstöðum nefndarinnar. Nefndarmenn voru sammála um þetta atriði, en hins vegar ekki um það hvernig mætti bæta úr þessu ástandi. Nefndin klofnaði í fernt þegar kom að tillögum um úrbætur.

## Fjórar tillögur um úrbætur

Flestir nefndarmanna voru á þeirri línu að halda bæri í núverandi fyrirkomulag, en vildu ná fram umbótum með ríkisframlagi.

Formaður nefndarinnar og tveir aðrir nefndarmenn töldu að réttast væri að sveitarfélög í einstökum fylkjum rækju kvikmynda-

LÍF OG LIST

LÍF OG LIST

LÍF OG LIST

LÍF OG LIST

LÍF OG LIST